

ÖRYGGISREGLUR

FYRIR VERKTAKA NORÐURÁLS HF.



Útgefið í febrúar 2011

Umgenngisreglur fyrir verktaka á svæði Norðuráls

1.0	Tilgangur.....	3
1.1	Markmið.....	3
1.2	Umfang.....	3
2.0	Öryggiskynning fyrir verktaka.....	3
3.0	Skyldur.....	3
4.0	Reglum skal fylgt.....	4
5.0	Svæðiskynning.....	5
6.0	Kröfur um umhverfishegðun	5
7.0	Kröfur um heilsu og öryggi.	6
7.1	Hegðun starfsmanna verktaka.....	6
7.2	Misnotkun ávana- og fíkniefna	8
7.4	Vinnuleyfi og þjálfun	9
7.5	Meðhöndlun háskalegra efna.	10
7.6	Tæki Norðuráls.	11
7.8	Akstur og bílastæði	12
7.9	Stigar / verkpallar.....	12
7.10	Öryggi við rafmagn	13
7.11	Vinna sem krefst sérkunnáttu	14
8.0	Atriði tengd staðháttum	14
8.1	Öryggisvarsla	14
8.2	Neyðaráætlun.	15
8.3	Viðbragðsáætlun um fyrstuhjálp og neyðarhjálp	15
8.4	Persónuvarnir (PPE).....	15
8.5	Eldvarnir.....	16
9.0	Slys / næstum slys / tilkynningar / rannsóknir	19
10.0	Stjórnunarkröfur.....	20

1.0 Tilgangur

Norðurál leggur mikla áherslu á að skapa öruggt vinnuumhverfi þar sem öryggisreglum er fylgt til hlítar til að koma í veg fyrir öll óhöpp og slys.

Skjal þetta þarf að fylgja öllum verksamningum og innkaupabeiðnum til verktaka og birgja.

1.1 Markmið

Að skapa og viðhalda slysalaus vinnuumhverfi þar sem verktakar starfa eftir gildandi reglum.

1.2 Umfang

Þessar reglur ná til allra verktaka sem starfa innan athafnasvæðis NA.

2.0 Öryggiskynning fyrir verktaka.

Áður en verktaki hefur vinnu á athafnasvæði NA skal verktaki og verkumsjónarmenn NA hittast til að tryggja að verktaki sé fyllilega upplýstur um og geri sér grein fyrir öryggis- og heilbrigðisstefnu NA varðandi öryggisvörslu, eldvarnir, slysatilkynningar, kröfur um logaleyfi, niðurröðun verkþátta og tillitsemi við rekstur NA. Verktaki skal afhenda fulltrúa NA eintak af öryggishandbók sinni, ásamt staðfestingu á þjálfun starfsmanna sinna og annað sem talin er þörf á.

Árlega þurfa verktakar að sækja kynningu á öryggis- og heilbrigðisreglum NA.

3.0 Skyldur

Ætlast er til að allir verktakar, undirverktakar og birgjar skilji og hlíti [öryggis- og heilbrigðisstefnu NA](#).

Öryggis og heilbrigðisstefna NA:

Við munum haga störfum okkar af öryggi þannig að hlúð sé að heilsu og líðan starfsmanns og umhverfisins.

Það er stefna Norðuráls að starfa í hvívetna með öruggum og ábyrgum hætti, þannig, að umhverfinu og heilsu starfsmanna, viðskiptavina og þess samfélags sem við störfum í sé sýnd fyllsta virðing og nærgætni. Við munum ekki tefla umhverfi, heilsu eða öryggi í tvísýnu vegna framleiðslu eða tækifæris til ágóða.

Stjórnendur verktaka bera ábyrgð á heilsu og öryggi starfsmanna sinna. Stjórnendur verktaka eru einnig ábyrgir fyrir þeim áhrifum sem störf starfsmanna þeirra gætu haft á heilsu og öryggi annarra.

NA tilnefnir umsjónarmann sem fulltrúa sinn gagnvart verktaka vegna ákvæða í öryggisreglum þessum.

Umsjónarmaður gefur út vinnuleyfi þar sem tiltekið er tímabil, nafn verktaka og undirverktaka hans. Vinnuleyfi fyrir verktaka sem starfa að staðaldri á athafnasvæði NA er gefið út til lengri tíma, að hámarki í eitt ár í senn.

Verktaki skal tilnefna öryggisvörð og öryggisfulltrúa, við upphaf verktíma síns sem verður ábyrgur fyrir því að reglum sé að öllu leyti fylgt (sjá lög nr. 46/1980 með breytingum). Verkið skal vinna samkvæmt lögum nr. 46/1980 sem varða vinnuáðstöðu, öryggi og heilbrigði á vinnustað.

Verktakanum sjálfum er heimilt að vera öryggisvörður en einn starfsmanna skal þá útnefndur öryggisfulltrúi. Tilkynna ber umsjónarmanni um fjölda starfsmanna og útnefningu öryggisfulltrúa. Öryggisverði eða fulltrúa hans ber að hafa sambandi við umsjónarmann og kynna honum hvernig verktaki hyggst framkvæma viðkomandi lög og reglur.

4.0 Reglum skal fylgt.

Verktakar og undirverktakar skulu hlíta öllum viðeigandi reglum og reglugerðum ESB, landslögum og viðaukum við þær sem nefndar eru í verksamningum. Auk þess skulu verktakar fylgja sérstökum öryggis- og heilbrigðisreglum NA og öðrum tilmælum fulltrúa Norðuráls.

Allar framkvæmdir skal framkvæma með lágmarks truflun á starfsemi NA. Starfsmenn verktaka skulu halda sig á sínum verksvæðum. Vertaka er meinaður aðgangur að svæðum sem eru óviðkomandi því verkefni er honum er ætlað að leysa af hendi.

NA tekur öryggismálin alvarlega og ætlast til slíks hins sama af verktaka. Umsjónarmaður mun tafarlaust tilkynna brot á lögum og reglum og senda verktaka skriflega aðvörun. Brot á þessum reglum gætu leitt til brottvísunar starfsmanns verktakans eða verktakans sjálfs og riftunar verksamninga hans við NA.

Inni í kerskálunum og allt í kringum þá er mikið segulsvið. Einstaklingum með gangráð er bannaður aðgangur að þeim svæðum. Úr, greiðslukort og annar rafbúnaður kann að laskast í svo miklu segulsviði. Bannað er að nota myndavélar á verksmiðjussvæðinu án sérstakrar heimildar frá NA. Súralsryk kann að rispa og eyðileggja linsur. Barnshafandi konum er óheimilt að fara inn í kerskálana.

Vertaka er óheimilt að fjarlægja nokkurt tæki eða búnað af athafnasvæði NA án skriflegs samþykkis umsjónarmanns, sem mun hafa eftirlit og umsjón með öllu sem fjarlæggt er af svæðinu.

Sérstakt leyfi þarf til að fá aðgang að hafnarsvæðinu eða til að fara um borð í skip eða báta við höfnina.

Bannað er að bjóða gestum inn á svæðið án sérstaks leyfis frá NA.

Börnum og gæludýrum er bannaður aðgangur að öllum vinnusvæðum

5.0 Svæðiskynning

Nauðsynlegt er að verktökum sé kynnt svæðið og einkum það svæði sem þeir koma til með að starfa á. Allir starfsmenn verktaka, undirverktaka og birgja sem á svæðinu þurfa að starfa þurfa að fá svæðiskynningu.

Enginn maður má starfa á svæði Norðuráls án þess að hafa áður hlotið kynningu á öryggis og heilbrigðismálum og fengið svæðiskynningu.

Svæðiskynninguna framkvæmir fulltrúi NA eða öryggisfulltrúi. Svæðiskynningin skal taka mið af því svæði sem á við í hverju tilfelli og nota skal glærur, myndbönd eða annað tilbúið kynningarefni. Í kynningunni skal tekið á öryggis og heilsumálum tengdum viðkomandi verki, ástandi vinnusvæðisins, neyðarviðbrögðum, hjálparliðum svæðisins, þörf á sértækum vinnuleyfum, umferð fartækja, nánd við framleiðslutæki NA og staðsetningu sorpgáma auk annars sem gæti verið gagnlegt fyrir starfsmenn að vita. Í lok fundar skal prófa eftirtekt og skilning starfsmanna með stuttu skriflegu prófi. Svæðiskynningin skal færð til bókar og vottorð um að viðkomandi starfsmaður hafi hlotið kynningu á svæðinu skal afhent þeim sem hafa staðist prófið.

6.0 Kröfur um umhverfishegðun

Ætlast er til af verktaka að hann vinni störf sín með umhverfisvernd og heilsu starfsmanna sinna og samfélagsins í huga.

Öll losun efna í umhverfið s.s. vökvalekar, gaslekar, sprengingar osv.frv. er litin alvarlegum augum. Losun er talin geta valdið spillingu grunnvatns, yfirborðsvatns eða mengun andrúmslofts jafnvel þótt efnið sé í sjálfun sér ekki talið hættulegt.

Losun sem gæti átt sér stað á verksvæðinu gæti til dæmis verið eftirfarandi:

- 1) Olíulekar/bensínlekar (dieselolía, bensín, osv.frv.)
- 2) Lekar af hættulegum úrgangi
- 3) Spilliefnalekar/-losun (leysiefnis, sýrur, málning ofl.)
- 4) Eldsvoðar eða sprengingar af völdum ofantalinna efna.

Verktaki skal útvega ógegndræpan/ólækan/þéttan/vökvaheldan lekavarnarbúnað á geymslusvæðum þar sem efni, sem geta flætt eða runnið, gætu valdið lekum.

Ef losun á sér stað þarf verktaki að grípa til eftirfarandi ráðstafana.

- 1) Reyna að stöðva losunina, ef hægt er, án þess að stofna sér í hættu. Ef bráð hætta er talin á ferðum þarf að rýma svæðið.
- 2) Strax skal haft samband við yfirmann svæðisins og upplýsa nákvæmlega um atburðinn jafnvel þótt efnið hafi ekki verið talið hættulegt.

Þegar haft er samband við yfirmann svæðisins þarf að gefa eftirfarandi upplýsingar:

- 1) Nákvæm staðsetning óhappsins.

- 2) Tegund og lýsingu á efni sem um er að ræða.
- 3) Áætlað magn efnis sem slapp eða umfang eldsvoða.
- 4) Alvarleika meiðsla eða magn skemmda á búnaði.
- 5) Alvarleika raunverulegs eða hugsanlegs umhverfisskaða.
- 6) Hvað hefur þegar verið gert til að hemja losunina.

Yfirmaður svæðisins mun gera ráðstafanir samkvæmt umhverfistjórnunarkerfi NA vegna losunar og tilkynna yfirmanni rannsóknarstofu hvaða efni hafi farið niður.

Eyðing úrgangs frá verktaka s.s. rafhlöðum, mótrolíu, gírkassaolíu, glussa, olíusíum, kælivökva, hjólbörðum og flúrperum skal gerð samkvæmt sorpeyðingarstefnu NA.

Fulltrúi NA mun ráðleggja um hvernig hættulausu sorpi skal komið frá verksvæðinu.

Umhverfisfulltrúi NA mun ráðleggja hvernig hættulegu sorpi skal komið frá verksvæðinu. Honum skal tilkynnt með fyrirvara um úrganginn svo tími gefist til sýnatöku, merkingar og skráninga ef þess er þörf.

7.0 Kröfur um heilsu og öryggi.

7.1 Hegðun starfsmanna verktaka

Á meðan starfsmenn verktaka eru á svæði NA mega þeir ekki taka þátt í neinni hættulegri, ólöglegri eða óásættanlegri háttsemi svo sem að:

- 1) Brjóta almennar öryggisreglur eða valda samstarfsmönnum hættu.
- 2) Valda eða stuðla að áhættu eða óæskilegum aðstæðum.
- 3) Raska athygli starfsmanna að nauðsynjalausum eða eyða tíma í e-ð sem ekki er tengt starfinu.
- 4) Nota niðrandi orðalag.
- 5) Hóta, egna, áreita, æsa, eða trufla samstarfsmenn.
- 6) Mismuna munnlega eða með aðgerðum hópum eða einstaklingum vegna kynþáttar, kyns, litarháttar, aldurs, trúarbragða, fötlunar, reynslu, þungunar eða uppruna.
- 7) Sýna ósæmilegt athæfi eða óheiðarleika, áreita kynferðislega, hafa uppi eða í fórum sínum munnlegt eða myndrænt efni sem vakið gæti viðbjóð samstarfsmanna.
- 8) Slást eða hvetja til slagsmála.
- 9) Stela, misnota eða skemma viljandi eignir, tæki eða tól NA.
- 10) Hverskonar veðmál.
- 11) Hafa á sér eða neyta hverskonar áfengra drykkja eða ólöglegra fíkniefna á svæðinu.

- 12) Mæta til vinnu í óhæfu ástandi s.s. undir áhrifum áfengis fíkniefna eða lyfja.
- 13) Neita að undirgangast áfengis eða lyfjapróf, ef verkstjóri krefst þess af gildum ástæðum.
- 14) Bera skotvopn eða önnur vopn á svæði NA.
- 15) Rægja starfsmenn, Norðurál eða framleiðsluvörur þess.
- 16) Falsa skjöl s.s. vinnuseðla, eða með ósönnnum yfirlýsingum valda því að skjöl séu ekki rétt færð, misnota greiðslukort NA, símakort NA eða úttektarreikninga þess.
- 17) Misnota, eða fjarlægja af svæðinu, án leyfis, starfsmannalista, teikningar, skrár eða hverskonar trúnaðarskjöl.
- 18) Falbjóða efni, safna áheitum eða dreifa prentuðu efni án leyfis frá stjórn NA.
- 19) Slá upp á töflu, eða fjarlægja af uppláttartöflum tilkynningar, eða annað skrifað efni án leyfis stjórnar NA.
- 20) Hafa uppi eða nota sjónvarp, útvarp, myndupptökutæki eða ljósmyndavélar á svæðinu án leyfis stjórnar NA.
- 21) Vera með leikaraskap eða kasta hlutum á svæði NA, eða sýna kæruleysi á vinnustað.
- 22) Hlýða ekki fyrirmælum verkstjóra eða sýna aðra óhlýðni.
- 23) Mæta oft seint til vinnu eða hafa tíðar fjarvistir.
- 24) Hætta vinnu of fljótt eða yfirgefa svæðið áður en vinnutíma er lokið.
- 25) Sinna persónulegum málefnum í vinnutímanum eða misnota síma NA.
- 26) Gerast brotlegur við landslög.
- 27) Reykja innan reyklausra svæða.

7.2 Misnotkun ávana- og fíkniefna

Bannað er að hafa á sér eða nota áfengi eða fíkniefni innan athafnasvæðis NA. Verktaki ber ábyrgð á að fylgjast með sínum starfsmönnum áður en og á meðan þeir eru starfandi á svæði NA. Þeir sem staðnir eru að því að vera undir áhrifum áfengis eða fíkniefna verður samstundis vísað út af svæðinu og mega ekki koma aftur á svæðið.

Starfsmenn verktaka og undirverktaka geta þurft að sæta því að gangast undir áfengis eða fíkniefnapróf í samræmi við stefnu NA og reglugerð ESB. Jákvæðar niðurstöður úr slíkum prófunum leiða til brottvísana viðkomandi starfsmanna af svæði NA.

7.3 Hreinlæti

Vinnusvæðinu skal halda hreinu og snyrtilegu. Rusli ber að safna saman og farga á skipulegan hátt og samkvæmt núgildandi lögum. Tækjabúnaði og verkfærum skal ganga frá og koma fyrir áður en verktaki hættir vinnu.

Gott hreinlæti er táknrænt fyrir forsjálna öryggishegðan og getur komið í veg fyrir mörg slys. Góðar hreinlætisvenjur auka framleiðni og bæta vöru- og þjónustugæði. Hreinlæti er á ábyrgð sérhvers verktaka og undirverktaka, sem þurfa að:

- 1) Hafa daglega hreinsunaráætlun.
- 2) Stafla efnun þannig að nægt pláss sé og engin hætta sé á að efnisstaflar hrynji.
- 3) Fjarlægja laust hangandi efni, sem gæti fallið á einhvern.
- 4) Fjarlægja strax, eða beygja, alla nagla sem standa út úr timbri og gætu valdið slysum.
- 5) Leyfa ekki rusli að safnast upp.
- 6) Staðsetja ruslgáma á svæðinu sem verktakar eru að vinna á til að safna úrgangi frá starfsmönnum þeirra og tæma þá reglulega.
- 7) Viðhalda greiðum leiðum fyrir gangandi og akandi umferð á verksvæðinu.
- 8) Fá leyfi fyrir efnisgeymslustöðum frá fulltrúa NA.
- 9) Halda þakflötum hreinum af eldfimum efnun og rusli.
- 10) Tryggja að laust viðgerðarefni á þökum geti ekki fokið.
- 11) Passa að slöngur og rafkaplar liggi þannig að mönnum stafi ekki fallhætta af.
- 12) **ALDREI** má stafla eða geyma efni uppvið byggingar eða nálægt háspennulínunum eða -búnaði.

Staðsetning gáma fyrir mismunandi flokka úrgangs, (timbur, málma, pressanlegt efni, jarðefni eða spilliefni), þarf að vera í samræmi við reglur NA um slíkt.

7.4 Vinnuleyfi og þjálfun

Verktaka ber að skila inn öryggisáætlun varðandi framkvæmd verksins áður en hann hefur störf á athafnasvæði NA. Einnig verður hann að sækja um vinnuleyfi og sjá til þess að starfsmenn hans hafi hlotið viðeigandi uppfræðslu varðandi hættur á svæðinu.

Ef eftir því er óskað mun NA eða umsjónarmaður veita tilsögn um meðhöndlun efna, sem tengjast sérstökum og tilteknum verkum, eða hættuástands sem kann að tefja framgang verksins.

Verktaki verður að fá sérstakt leyfi vaktstjóra til að starfa milli kera vegna hættu á skammhlaupi við slíkar aðstæður.

Vinnuleyfi er skriflegt skjal um leyfi til að vinna tiltekið verk á sérstakan hátt, við sérstakar aðstæður eða með sérstökum tækjum og þarf að undirritast af verktaka og fulltrúa NA áður en verkið er hafið. Vinnuleyfið er einn lokapáttur ferlis sem tryggir að öll atriði verksins hafa verið rædd og skýrð og öruggt verklag samið til að koma í veg fyrir óhappaatvik.

Vinnuleyfi geta t.d. verið, auk annars:

- 1) Logaleyfi. Sjóða, brenna eða slípa.
- 2) Grafleyfi. Grafa grunn, skurð ofl.
- 3) Leyfi til inngöngu í lokuðu rými.
- 4) Leyfi til að vinna við háspennu.
- 5) Leyfi til að vinna með hættuleg efni.

Fulltrúi NA útvegar verktaka upplýsingar um önnur leyfi, sem gætu reynst nauðsynleg til að geta unnið á öðrum stöðum þar sem áhætta er mikil, svo sem eldhætta, sprengihætta eða önnur áhætta sem taka þarf tillit til.

Þjálfun í öryggistengdum verkþáttum þarf að hafa farið fram áður en vinna verktaka við slíkar aðstæður hefst. Þessir geta t.d. verið, auk annars:

- 1) Þjálfun til vinnu í hæðum, t.d. á þökum. Upplýsir um kröfur og skilyrði sem sett er gagnvart slíkri vinnu og almennt um hvar fallvarnarbúnaður skuli notaður.
- 2) Þjálfun á notkun læsingarbúnaðar, læsing merking. Verktaki skal skaffa hengilás fyrir hvern og einn starfsmann sem kemur að vinnu við tæki sem þarf að stöðva og viðhalda. Lásinn kallast líflás og er til að læsa einangrunarrofum við tækjabúnað sem unnið skal við til að tryggja hlutleysingu tækisins. Viðkomandi starfsmenn skulu hljóta þjálfun á læsingarferlinu.
- 3) Þjálfun í notkun og uppsetningu vélarhlífa

Öll vinna við rör, pípur, loftþrýstiloka eða brunahana, óháð því hvort um er að ræða minni- eða meiriháttar verk er bönnuð nema með sérstöku leyfi.

7.5 Meðhöndlun háskalegra efna.

Mörg efni sem notuð eru í iðnaði geta verið hættuleg ef ekki er varlega farið. Vertaka ber skylda til að fullvissa sig um að starfsmenn hans geri sér grein fyrir hættulegum efnum sem notuð eru. Honum ber einnig að fræða starfsfólkið um hvernig öruggast er að nota þessi efni. Ávallt skulu vera fyrirbyggjandi öryggisleiðbeiningar varðandi öll efni sem unnið er með. Frekari upplýsingar fást í reglum Vinnueftirlits ríkisins nr. 602/1999.

Verktakinn skal fylgja reglum NA um meðferð háskalegra efna og tilkynningum um frávik. NA mun gera verktaka grein fyrir sértækum áherslum um heilsuvernd.

Verktaki þarf að :

- 1) Afhenda lista yfir öll háskaleg efni sem hann kemur með inn á svæði NA.
- 2) Afhenda öryggisleiðbeiningar (MSDS) fyrir sérhvert háskalegt efni á listanum þar sem háska tengdum hverju þeirra er lýst.
- 3) Merkja öll efnisílát sem hann kemur með inn á svæðið.
- 4) Veita starfsmönnum sínum þjálfun í meðferð þeirra háskalegu efna sem eru á verksvæðinu.

Norðurál mun:

- 1) Afhenda verktaka lista yfir þau háskalegu efni sem verktaki eða undirverktaki gætu komist í snertingu við á verksvæðinu.
- 2) Hafa til reiðu, fyrir starfsmenn verktaka og undirverktaka, öryggisleiðbeiningar fyrir þau háskalegu efni sem þeir gætu komist í snertingu við hjá NA.
- 3) Gera verktaka grein fyrir sértækum neyðarviðbragðsáætlunum fyrir svæði sem unnið er á.

Verktaka ber skylda til að upplýsa starfsfólk sitt vegna langvarandi vinnu við aðstæður þar sem ryk þyrlast upp eða gasefni eru í andrúmsloftinu sem getur skaðað öndunarfærin og í sumum tilfellum verið krabbameinsvaldandi. Gera skal ráðstafanir til að starfsfólk vinni sem styðst við slíkar aðstæður.

Gasefni og ryk í lofti er víða að finna innan verksmiðjunnar, m.a. í kerskálum og endurvinnslustöðum. Einstaklingar sem eru viðkvæmir í öndunarfærunum ættu ekki að starfa við slíkar aðstæður. Ávallt ætti að nota öndunargrímur á þessum stöðum til að minnka hættuna á skaða í lungum og lungnapípum.

7.6 Tæki Norðuráls.

Verktökum er ekki heimilt að nota nein tæki í eigu NA, nema með leyfi fulltrúa NA. Verktakar sem fá leyfi til að nýta sér tæki NA þurfa að gera það í samræmi við innkaupaskilmála NA.

Ef verktaki fær að láni tæki hjá NA eða öðrum verktaka ber honum skylda til að ábyrgjast tækið eins og um hans eigið væri að ræða og fullvissa sig um að starfsfólk hans hafi tilskyld réttindi til að aka eða stjórna viðkomandi tæki.

7.7 Farartæki verktaka

Eftirfarandi reglur eru aukareglur sem gilda auk almennra umferðarreglna og eiga við allt starfsfólk NA og einnig verktaka (sjá stefnu um akstur verktaka á athafnasvæði NA). Áður en slíkt leyfi er gefið skal verktaki staðfesta með undirskrift sinni að hann hafi kynnt sér þessar reglur og samþykki að fylgja þeim.

Allir verktakar, sem óska eftir að nota farartæki á athafnasvæði NA, verða að sækja um sérstakt akstursleyfi til þess. Akstursleyfi fyrir verktaka sem starfa að staðaldri á athafnasvæði NA er gefið út til lengri tíma, að hámarki í eitt ár í senn. Öll tæki skulu hafa hlotið samþykki NA (m.a. vegna notkun fallvarna, bílbelta og annarra öryggisþátta) og hafa verið skoðuð af Vinnueftirliti ríkisins og samþykkt af farartækjaverkstæði NA

Verktaki skal ábyrgjast að starfsmenn hans sem nota hvers kyns farartæki hafi til þess réttindi og þjálfun og hafi sýnt nægilega færni í meðferð þeirra. Aðeins einstaklingum með tilskylin réttindi á viðkomandi tæki er heimilt að aka eða stjórna því á athafnasvæði NA. Réttindi á slík tæki eru gefin út af Vinnueftirliti ríkisins. Ökumenn verða að geta reitt fram gilt ökuskírteini og vinnuvélaskírteini ef þess er óskað.

Ökumaður farartækis skal forskoða tækið áður en það er tekið í notkun. Gera þarf tafarlaust við bilanir sem gætu varðað öryggi og/eða umhverfi.

Verktaki er ábyrgur fyrir öllum tækjum og vélum í hans eigu og skal sjá til þess að ástand þeirra sé *ávallt* í samræmi við lög og öryggisreglur. Öllum fartækjum skal haldið við í góðu ástandi og án hverskonar leka, olíu, glussa, kælivatns og með virkum öryggishlífum fyrir hreyfanlegum hlutum. Þau skulu búin til notkunar á vegum úti og vera útbúin ljósum sem hægt er að nota á meðan farartækið er á athafnasvæði NA. Vélknúin farartæki skulu vera með bakkflautu.

Farartæki verktaka skulu hafa sætisbelti og veltigrind og notkun þeirra skal vera í samræmi við svæðisreglur NA. Sé farartækið ekki í notkun skal þess gætt að það valdi ekki annarri gangandi eða akandi umferð vandræðum og ekki má leggja farartæki nálægt raflinum. Tryggja þarf að farartækið geti ekki runnið af stað án ökumanns. Krönum má ekki leggja þannig að bóma slúti yfir göngubrautir, akvegi, spennistöðvar, eða byggingar. Krönum má ekki leggja þar sem þeir gæti truflað umferð byggingakrana. Þegar farartæki eru í notkun skal þess gætt að bil milli þeirra og fastra hluta sé nægilegt til að maður geti ekki klemmst á milli fasts og hreyfanlegs hlutar. Verktaki skal girða af verksvæðið eða hafa varðmann sem gætir þess að fólk sem leið á nálægt svæðinu fari sér ekki að voða. Þess skal gætt að halda nægilegri fjarlægð í nálægan rafbúnað eða raflínur til að koma í veg fyrir óhöpp.

7.8 Akstur og bílastæði

Starfsmenn verktaka, sem aka farartækjum um athafnasvæði NA, skulu fara eftir reglum og merkingum NA um ökuhraða og öryggishegðun. Öll ónauðsynleg umferð er bönnuð.

Hámarkshraði utandyra eru 20 km á klukkustund.

Hámarkshraði innandyra eru 10 km á klukkustund.

Ekki er heimilt að aka með farþega á vinnutækjum nema þegar sérstakt sæti er til staðar fyrir farþega.

Óheimilt er að aka farartækjum inn í byggingar NA þar sem framleiðsla er í gangi nema með leyfi Vaktstjóra viðkomandi svæðis. Á öðrum svæðum ber að sýna sérstaka varúð þegar ekið er inn og út úr byggingum álversins sökum breytinga á birtu skilyrðum.

Vegna gufusprengihættu skal hreinsa snjó og ísingu af farartækjum sem verða að fara inn í kerskálana.

Víkja skal og stoppa þegar mætt er farartækjum sem flytja bráðinn málm. Þau eru auðkennd með rauðblikkandi ljósi á þaki farartækisins. Þessi farartæki eiga í öllum tilfellum allan rétt.

Verktaka ber að afhenda umsjónarmanni skriflega áform sín um hvernig hann ætlar að ganga tryggilega frá óvenjulegum hlutum og hvers konar flutningatæki hann hyggst nota til að flytja umræddan hlut.

Starfsmenn verktaka skulu leggja bifreiðum sínum á svæðum sem fulltrúi NA bendir þeim á og á þann hátt að það hindri ekki umferð að nokkru leyti um dyr eða neyðarútganga. NA ber enga ábyrgð á bifreiðunum þar (sjá stefnu um farartæki fyrir verktaka), en vert er að benda á að súrál getur skemmt lakk og rúður farartækja.

Stöðva skal vél farartækja sem standa ónotuð og yfirgefin og fjarlægja lykilinn. Ef um er að ræða lyftara skal skilja við gafflana í lægstu stöðu og ef um krana er að ræða skal leggja bómuna í lægstu stöðu áður en gengið er frá tækjunum.

Starfsmenn verktaka skulu halda sig á því svæði sem verkið fer fram á. Ef aðgengi að og frá svæðinu krefst þess að gengið sé um framleiðslusvæði NA, skulu menn ganga eftir merktum gangbrautum þar sem þær eru til staðar

7.9 Stigar / verkpallar

Stigar og verkpallar þurfa að vera í góðu ástandi og uppfylla reglur sky. stefnu NA um vinnu í hæðum. Stigar skulu vera ómálaðir og gerðir úr órafleiðandi/einangrandi efni.

Allir vinnupallar skulu reistir í samræmi við reglur Vinnueftirlits ríkisins. Ef vinnupallur er tveggja metra hár eða hærrí skal hann útbúinn handriði og taborði. Allir stigar upp á vinnupallana verða að vera tryggilega festir. Ef nauðsynlegt reynist að hífa einstaklinga þá skal það gert í samræmi reglur Vinnueftirlits ríkisins.

Notkun á löngum málmhlutum (t.d. vinnupallarörum) er bönnuð inni í kerskálum vegna hættu á að þeir rekist í straumleiðara og jarðtengdar leiðslur, burðargrind og veggi skálanna.

7.10 Öryggi við rafmagn

Öll vinna verktaka við rafmagn á athafnasvæði NA skal unnin af fagaðilum sem lúta stjórn og eru undir ábyrgð löggilts rafverktaka. Aldrei má hefja vinnu við rafkerfi NA nema til þess hafi verið fengið skriflegt leyfi frá umsjónarmanni verks eða rafveitustjóra NA.

Allir starfsmenn rafverktaka þurfa að vera meðvitaðir um þann rafmagnsháska, sem tengdur er vinnusvæði NA og þeir verða að fylgja þeim öryggisreglum sem fram koma í Öryggisstjórnunarkerfi Rafveitu Norðuráls (NAÖS). Sérstaklega er bent á eftirfarandi reglur sem gilda um háspennu og lágspennu.

7.10.1 Háspenna

- 1) Aðgangur að háspennubúnaði Norðuráls er bannaður öllum öðrum en þeim sem hafa fengið afhentan lykil sem gengur að háspennurýmum. Rafveitustjóri sér um afhendingu og skráningu lykils.
- 2) Starfsmanni án lykils er aðeins heimill aðgangur að háspennurými í fylgd kunnáttumans með lykil og að fengnu leyfi rafveitustjóra Norðuráls.
- 3) Óheimilt er að vinna nálægt háspennulínunum eða háspennubúnaði nema þú hafir sérþjálfun til þess og að fengnu leyfi rafveitustjóra NA.
- 4) Óheimilt er að torvela aðgengi að háspennubúnaði eða að rýmum sem innihalda háspennubúnað.

7.10.2 Lágspenna

1. Óheimilt er að vinna við rafbúnað nema þú hafir til þess leyfi og hafir hlotið þjálfun og öðlast kunnáttu til verksins.
2. Óheimilt er að nota biluð rafmagnsverkfæri, úr sér gengna strengi eða annan óhæfan rafbúnað.
3. Innan kerskála og afriðlasvæða skal nota rafmagnsbúnað með tvöfaldri einangrun. Notkun jarðtengdra rafmagnsverkfæra er bönnuð á þessum svæðum.
4. Utan kerskála skal nota rafmagnsbúnað með tvöfaldri einangrun eða jarðtengingu.
5. Notaðu tengla varða með lekastraumsrofa við byggingaframkvæmdir.
6. Notaðu stiga sem byggðir eru úr einangrandi efni. Öll notkun málmstiga er bönnuð á verksmiðjussvæðinu.
7. Óheimilt er að losa upp eða fjarlægja jarðtengingar.
8. Öll rafmagnstæki ber að taka úr sambandi þegar þau eru ekki í notkun eða skilin eftir eftirlitslaus

7.11 Vinna sem krefst sérkunnáttu

Allir verktakar sem starfa við verk sem krefjast sérkunnáttu þurfa að hafa þekkingu á öryggistengdum atriðum gagnvart slíkri vinnu. Hafi þeir hana ekki skal verktakinn sjá til þess að þeir fái öryggisþjálfun með áherslu á viðkomandi verk. Þessi þjálfun skal miðast við þá háska sem kunna að vera tengdir verkinu og hvernig vinna megi verkið á öruggan hátt. Fulltrúi NA mun meta hvort þess þjálfun fullnægi reglum NA. Alla þjálfun skal skrá og skráin vera aðgengileg fyrir fulltrúa NA og starfsmenn verktakans.

Umsjónarmaður skal skoða og samþykkja alla skurði sem eru dýpri en einn og hálfur metri. Þannig skurðir skulu einnig:

- Studdir með timbri, burðarstólpum eða öðru viðeigandi efni til að koma í veg fyrir hrun eða aðra hugsanlega hættu.
- Merktir meðfram brúnunum og með sérstökum aðvörunarskiltum til að fyrirbyggja að fólk detti ofan í þá.
- Útbúnir góðum stigum til að tryggja undankomuleið ef upp koma neyðartilfelli.
- Varðir með slám og sérstökum aðvörunarskiltum til að stöðva umferð ef hugsanlega hætta er á að farartæki eða menn detti ofan í þá.

8.0 Atriði tengd staðhátum

8.1 Öryggisvarsla

8.1.1 Eftirlit með eigum NA

Starfsmenn verktaka mega ekki fjarlægja hluti í eigu NA af svæðinu án samþykkis fulltrúa NA. Þetta á jafnt við tæki, efni og úrgang. Í þágu öryggis og svæðisverndar eru starfsmenn hvattir til að koma ekki með neinn varning annan en nauðsynjar inn á svæði NA s.s. nesti, verkfæri og vinnuföt.

Innkoma á svæðið fyrir verktaka, starfsmenn og birgja skal vera gegnum hlið sem fulltrúi NA vísar á.

8.1.2 Inngönguskilríki

Allir starfsmenn verktaka skulu bera aðgangskort. NA mun afhenda starfsmönnum verktaka slík kort þegar starfsmenn hafa lokið Öryggisnámskeiði og svæðiskynningu.

Aðgangskortin gilda að hámarki í eitt ár, en þá þarf að endurnýja þau og fara á upprifjunarnámskeið í öryggismálum.

8.2 Neyðaráætlun.

Áður en verk er hafið við verksamning er verktaka afhent Neyðaráætlun NA fyrir það svæði sem verkið skal unnið á, en í henni eru nauðsynleg viðbrögð verktakans og kröfur til hans útskýrðar komi til hættuástands. Verktaki skal fara í einu og öllu eftir þessari áætlun og útskýra hana fyrir starfsmönnum sínum til að tryggja að þeir skilji hana og fari eftir henni.

Tilkynna þarf neyðaratvik til Neyðarlínunnar í síma 112.

8.3 Viðbragðsáætlun um fyrstuhjálp og neyðarhjálp

Ef um slys eða neyðatvik er að ræða þá ber að hringja í neyðarlínuna í síma 112, tilkynna slysið og leiðbeina sjúkrahúsum þegar hann kemur. Tilkynna skal fulltrúa NA eins fljótt og auðið er.

- Koma í veg fyrir frekari slys.
- Tilkynna slysið.
- Veita fyrstu hjálp.

Verktaki skal ganga úr skugga um að starfsfólk hans viti allt hvernig ber að bregðast við neyðartilfellum og koma neyðarnúmerinu **112** fyrir á áberandi stöðum.

Verktaki skal sjá um að fyrstu hjálpar búnaður sé til staðar og að starfsmenn hafi verið þjálfaðir í notkun hans.

Verktaki skal hafa viðbúnaðaráætlun sem er í samræmi við slíkar áætlanir hjá NA.

Verktaka verður kynnt aðgengi að hjálparliðum NA. Sími þeirra er 6648550.

Margir sjúkdómar smitast við blóðgjöf og blöndun líkamsvökva. Sérhver sá sem gæti þurft að komast í snertingu við blóð og líkamsvökva þarf að hljóta þjálfun í aðferðum til að minnka hættu við snertingu. Ef starfsmaður verktaka er í hættu við að verða sýktur af blóðbornum sýklum við starf sitt, þarf verktakinn að semja viðbragðsáætlun til að minnka áhættu starfsmannsins.

8.4 Persónuvarnir (PPE)

Persónuvörnum skal haldið hreinum og þannig að þær séu í góðu ástandi. Starfsmenn verktaka skulu ávallt, þegar þeir eru á framleiðslu-, viðhalds- eða byggingasvæði, úti eða inni, að lágmarki bera eftirfarandi persónuvarnir:

- 1) Viðurkennd öryggisgleraugu með áfestar hliðarhlífar.
- 2) Viðurkenndan öryggishjálmi sem skal vera gulur að lit og bera auðkenni viðkomandi fyrirtækis.
- 3) Öryggisskó með stáltá og ristarvörn þegar unnið er að framkvæmdum utan framleiðslusvæða og verkstæða. Sé unnið á framleiðslusvæðum og á verkstæðum er gerð sú krafa aukalega að skór séu 20 sm háir og hafi spennuþól að lágmarki

- 3000 Volt.
- 4) Öryggisfatnað sem uppfyllir EN531 staðal og undirstaðlana A, B1, C1, D1 og E1. Fatnaðurinn skal vera samfestingur eða langerma skyrstur og ökklasíðar buxur ásamt eldtefjandi nærfatnaði s.s. langerma rúllukragabol og síðum nærbuxum. Sokkar skulu vera tregbrennanlegir; öryggisstaðall EN 14116:2008.
 - 5) Á verkstæðum skulu allir samfestingar, vinnuvesti og yfirhafnir að lágmarki hafa staðalinn EN 531 AB1C1 og hafa endurskin. Undir ofangreindum fatnaði skal að minnsta kosti klæðast eldtefjandi nærfatnaðinum.
 - 6) Kuldagallar og yfirhafnir sem notaðar eru á framleiðslusvæðum skulu uppfylla staðalinn EN 531 AB1C1 og hafa endurskin.
 - 7) Verktakar sem starfa eingöngu utan dyra klæðist sýnileikavesti eða öðrum sýnileikafatnaði
 - 8) Á skrifstofum, í mötuneyti og á kaffistofum leyfist að víkja frá stefnu Norðuráls um persónuhlífar og öryggisfatnað fyrir verktaka.
 - 9) Skyld er að nota öndunargrímur þar sem gas er notað eða mikið ryk þyrlast upp. Öndunargrímurnar skulu bæði vera fyrir ryk og fluor.
 - 10) Andlitshlíf við notkun slípirokks eða annarra slípiverkfæra.
 - 11) Viðurkenndar heyrnarhlífar þar sem er mikill hávaði sem getur skaðað heyrn eða þar sem skilti benda á nauðsyn þess.
 - 12) Á sumum stöðum í verksmiðjunni eru vegna séraðstæðna krafist aukavarna s.s. sérstaks suðufatnaðar og ferskloftshjálma. Yfirmenn verktaka kynni sínum starfsmönnum slíkar kröfur í Stöðluðum öruggum vinnubrögðum eða áhættugreiningum fyrir viðkomandi svæði.

Skylda er að nota viðurkenndan fallvarnarbúnað og öryggistaugar þegar unnið er hátt uppi, t.d. uppi á þaki, á vinnupöllum eða þegar unnið er í meira en tveggja metra hæð. Við notkun vinnulyfta skal fallvarnarbúnaður notaður í öllum tilfellum.

Verktaka ber skylda til að finna öryggisbúnað við hæfi og útvega hann sjálfur. Komi verktaki eða starfsmenn hans til vinnu án tilskilins öryggisbúnaðar mun NA meina þeim aðgang að verksmiðjusvæðinu þar til bætt hefur verið úr.

Verktaka er bannað að vinna í tveggja metra hæð og yfir ef aðrir verktakar eða starfsmenn eru að störfum undir þeim stað sem hann hyggst starfa.

8.5 Eldvarnir

Eldvarnir eiga að vera í lagi og ber verktaka að yfirfara þær áður en vinna hefst þar sem krafist er leyfis til að vinna með opin eld. Slökkviliði skal gert viðvart í neyðartilvikum í síma **112**. Öll slys ber að tilkynna umsjónarmanni tafarlaust.

Verktaki skal leggja fram áætlun um eldvarnir sé þess óskað.

8.5.1 Logaleyfi

Sérstakt logaleyfi þarf til að vinna með gas, logsuðutæki, rafsúðutæki, slípirokk við skurð eða aðra vinnu utan verkstæða sem krefst þess að unnið sé með opin eld eða orsakar neistaflug. Slíkt leyfi gildir aðeins fyrir eitt verk í senn og þar skal koma fram staður og stund sem verkið er unnið. Umsjónarmaður gefur út leyfið eftir því sem hann telur eiga við.

8.5.2 Bráðabirgðabyggingar

Byggingargerð, þ.e. brennanleg / óbrennanleg og staðsetning bráðabirgðabygginga þarf samþykki fulltrúa NA. Bráðabirgðabyggingar sem standa eiga innandyra þurfa að vera óbrennanlegar eða hafa brunaviðnám í amk. 1 klst. Bráðabirgðabyggingar sem standa eiga utandyra og ekki notaðar til að geyma eða meðhöndla eldfim eða sprengifim efni eða önnur hættuleg efni í þurfa að standa amk. 3 metra frá næsta húsi eða burðarvirki.

Óvarinn opinn eldur er bannaður!

8.5.3 Geymsla og aftöppun á eldfimum vökvum

- 1) Ekki má geyma eldfima vökva innandyra nema með leyfi fulltrúa NA.
- 2) Bráðabirgða eða færanlegir geymar, sem geta tekið mest 4000 lítra, þurfa að vera staðsettir amk 2,5 metra frá byggingum, byggingartækjum, bílastæðum osv.frv. til að lágmarka hættu á að þeir gætu orðið fyrir áhrifum eldsvoða. Lekaöryggisrými þarf að vera jafnstórt og þarf til að taka á móti öllu innihaldi geymisins. Geymar þurfa að vera með sjálflokandi aftöppunarbúnaði. Geymar með eldfimum vökvum með blossomark lægra en 60°C (gufuþýstingur fer ekki yfir 70 mb abs við 38°C) skulu vera með afblástursloka og öryggisloka með blossomahemli. Geymar og tunnur sem innihalda slíka vökva skulu jarðtengdar á meðan þær eru tæmdar. Séu þær tæmdar í annan geymi skal, auk jarðtengingar, tengja saman geymi sem tappað er af og þann sem hellt er í til að fyrirbyggja neistamyndun.
- 3) Merkja geyma innihaldi sínu með stórum stöfum (10cm), sem sjást þurfa á öllum hliðum tanksins.
- 4) Reykingar og meðferð með opinn eld eru bannaðar í nágrenni við slíka tanka. Varúðarskilti með stórum áberandi stöfum þarf að setja upp á áberandi stöðum.

8.5.4 Áfylling eldsneytis á farartæki

Eldsneytisáfylling á farartæki á alltaf að vera á ákveðnum svæðum utandyra. Fylgja skal eftirfarandi lágmarkskröfum:

- 1) Drepið á vélinni.
- 2) Reykið ekki á meðan.
- 3) Ekki yfirfylla eldsneytistanka.

8.5.5 Flutningur á eldfimum vökvum.

Nota skal geyma viðurkennda af Frumherja til flutninga á eldfimum vökvum og merkið þá greinilega með nafni innihaldsins. Sýna skal aðgát í meðhöndlun og flutning á eldfimum efnum í samræmi við núgildandi lög.

8.5.6 Færanleg slökkvitæki (sem verktaki útvegjar)

Hafa skal til reiðu, í samráði við öryggisstjóra NA, færanleg slökkvitæki sem henta við háska á skrifstofum, tækjabúnaði, byggingum og verkframkvæmdum og kanna ástand þeirra reglulega.

8.5.7 Varúðarreglur fyrir gaskúta

Sérstaka aðgát þarf að sýna þega unnið er nálægt gaskútum og leiðslum. Fara skal eftir eftirfarandi varúðarreglum við geymslu gaskúta s.s súrefnis, acetylen og annarra eldfimra gastegunda:

- a) Súrgeymar þurfa að standa í amk. 8 metra fjarlægð frá eldfimum vökvum, eldfimum efnum, eða hitagjöfum s.s. opnum eldi, bráðnum málm, eða raflinum. Ef ekki er hægt að uppfylla þessa kröfu um 8 metra fjarlægð þarf að reisa vegg sem þolir eldáraun í ½ klst milli geymisins og hugsanlegra hættuvalda.
- b) Gaskúta má ekki flytja hangandi í krönum nema í sérstökum körfum sem til þess eru ætlaðar.
- c) Loftræsing þarf að vera góð í geymslum fyrir súrkúta.
- d) Gaskúta á að geyma, flytja og nota í uppréttri stöðu og tryggja gegn falli. Hafa skal hettur áfestar meðan ekki í notkun. Gaskútar skulu geymdar í sérstakri geymslu annars staðar en þar sem unnið er. Undir öllum kringumstæðum er stranglega bannað er að geyma gaskúta í kjallara kerskála eða nálægt kerunum.
- e) Mælar og þrýstijafnarar þurfa að vera í góðu lagi og fylgjast þarf með þeim reglulega. Olía og feiti má ekki koma nálægt súrflöskum, fittings og slöngum. Sprengihætta. Færanleg gastæki skulu öll búin bakslagsloka.

9.0 Slys / næstum slys / tilkynningar / rannsóknir

Verktaki skal án tafar **tilkynna** fulltrúa NA um **öll atvik**; meiðsl, atvinnusjúkdómatilfelli, næstumslys og eignatjón. Enn fremur ber verktaka skilda til að tilkynna öll slys til Vinnueftirlits ríkisins og lögreglunnar í Borgarnesi.

Vertaki skal **rannsaka** öll atvik þar með talin fyrstuhjálpartilvik, skráningarskyld meiðsli, alvarleg næstumslys og eignatjón. Alvarleiki atviksins ræður því hversu mikil þátttaka NA verður í rannsóknarferlinu. Tilkynningareyðublöð NA um slys, næstumslys eða veikindi á að nota við tilkynningarnar. Öllum verktökum er skylt að halda slysadagbók sem má nálgast hjá Vinnueftirliti ríkisins (sjá lög nr. 46/1980).

Verktaki skal **tilkynna fulltrúa NA skriflega** um skráningarskyld slys og næstumslys innan 24 klst frá atvikinu.

Ef verktaki veldur bilun eða tjóni er hann fjárhagslega ábyrgur fyrir viðgerð eða endurnýjun þess sem skemmt hefur verið.

10.0 Stjórnunarkröfur

Verktaki mun fá í hendur öll nauðsynleg skjöl áður en verk er hafið. Fulltrúi NA mun aðstoða verktaka við að skilja veittar upplýsingar og hvernig þær sé notaðar. Verktaki skal leita til NA ef einhverjar spurningar vakna varðandi þessi skjöl.

Þegar tilboði verktaka er tekið og komið að upphafi verks skal verktaki gera áhættugreiningu fyrir sérhvert hlutaverk í heildarverkinu. Þegar áhættugreiningin er tilbúin mun fulltrúi NA eða verkefnisstjóri, útbúa lista yfir öll þau vinnuleyfi sem til þarf til að framkvæma verkið.

Áður en verk er hafið á hverri vakt skal verktaki halda stuttan fund, “**öryggisfimmínútu-fund**” með starfsmönnum sínum þar sem farið er yfir umfang dagsverksins og öryggiskröfur, til að allir starfsmenn séu meðvitaðir um til hvers er ætlast af þeim við sín störf. Á fundinum skulu verkstjórar verktaka fara yfir viðeigandi atriði í áhættugreiningunni með starfsmönnum og staðfesta fundinn á “Skrá yfir öryggisfimmínútur”

Allir verktakar skulu gera “Skýrslu yfir unna tíma og atvik í mánuðinum” þar sem fram koma unnir manntímar þeirra starfsmanna og upplýsingar um atvik í viðkomandi mánuði. Þessa skýrslu skal afhenda fulltrúa NA eigi seinna en á fimmta vinnudegi næsta mánaðar.

Allir starfsmenn verktaka þurfa að fara á kynningarfund um “Umhverfis, Heilsu og Öryggismál” og gangast undir próf í hversu vel þeir hafa skilið málefnið. Fulltrúar NA munu halda þennan kynningarfund, sem er nauðsynleg forsenda þess að verktakar fái aðgangskort að svæði NA. Slíka fundi skal skrá og eftir fundinn fá þeir starfsmenn, sem hafa staðist aðgangsprófið afhent aðgangskort að svæðinu.

Að lokum þetta:

Norðurál setur öryggi verktaka, gesta, og sinna eigin starfsmanna í fremsta forgangssæti. Ætlast er til af verktökum, að þeir stýri verkum sínum í samræmi við öryggisreglur NA og fórni aldrei öryggi starfsmanna sinna fyrir rekstrar- eða ágóðasjónarmið. Norðurál mun alltaf veita verktökum stuðning, sem til þess er fallinn að auka öryggi starfsmanna hans og tryggja að þeir fari heilir heim að loknu dagsverki.